

Fundur 4.11.2019 Þorsteinn Guðjónsson

Komið þið sælir gömlu félagar.

Sæll vertu, velkominn.

Er það Haukur?

Nei, Þorsteinn Guðjónsson.

Þorsteinn, vertu velkominn.

Eigum við í nokkrum erfiðleikum með sambandið.

Ég hef haft þann starfa og skyldur, þegar þið hafið komist í samband við okkur að stjórna fundum ykkar í fjarveru Helga Pjeturss og hefur hann þó stundum verið nærstaddur og hefur verið mikið gagn af honum eins og ævinlega.

Er það orðið langt síðan ég komst í sambandið við ykkur og þótti mér þörf á því að bæta úr því.

Kannski get ég úskýrt örðugleika þá sem eru á sambandinu og komið á betri skilyrðum.

Segja má að mikið muni um Hauk Sigtryggsson sem var sterkur sitjari og er hann nú kominn hingað til okkar og er hann ólmur að fá að tjá sig.

En þegar við hefjum fundi aftur eftir nokkurt hlé, þarf að virkja aftur sitjara þá sem með ykkur eru og taugabrautir þeirra á nýjan hátt.

Og höfum við ekki komist í sambandið um nokkurt skeið og höfum við reynt að magna þann nýja miðil sem þið hafið valið til verksins og sem við teljum okkur hafa valið einnig.

En fögnum því að komast nú í gegn að nýju með þaulreyndum miðli.

Þorsteinn, eigum við að fara að sitja vikulega með honum Þorsteini Víking, til að magna hann upp?

Já, mér lýst vel á það, þurfið að fá sem flest vænt fólk í hópinn til að liðka fyrir samböndum.

Er þetta ekki þokkalegur hópur sem er hér núna?

Jú, jú, við erum að vona að þetta sé allt að koma, orkan er mikil, lækningaorkan er mikil hér hjá ykkur hér í kvöld og finnum við það.

Já.

En, en sambandsorkan kemst ekki á hringstreymi eins og rífllegt er. Og reynum við að bæta úr því.

Ert þú að meina að við ættum að loka hringnum?

Það mun nú kannski ekki breyta neinu að sinni en mætti prófa það síðar.

Já.

Ætla ég að reyna að, já hér eru fjölmargir sem bíða og segja má að þeir séu ótalmargir sem vildu komast í gegn en við reynum okkar besta.

Ætla ég að reyna að, Ingvar Agnarsson sendir ykkur bestu kveðjur og vonar hann að þið hafið það sem best.

Já, takk fyrir það.

Og er hann sama sinnis, langt síðan hann hefur komið í sambandið.

Þið voruð nú ægilega öflugir, þið tveir.

Já.

Í starfi hér.

Já. Hann hvetur ykkur enn til að gefa út Lífgeislana.

Ég er að lesa þá núna.

Og er ég sammála honum í því.

Já.

Já, vonum við að þið sýnið dugnað og starfið eflist sem aldrei fyrr.

Já, ég finn nú að orkan er öll að koma, hringstreymið.

Og komum við kannski á þeim samböndum sem til var stefnt, en verðum að sleppa sumum samböndum.

En vildi ég senda fjölskyldu minni bestu kveðjur og reynum að fylgjast með þeim eins og öðrum.

Verið þið nú allir sælir, öll sæl.

Já þakka þér fyrir, blessaður.